



# Áveitan

3. tbl. 16. árgangur. Mars 2022

## Sveitaball...

...já ekkert jafnast á við sveitaball.

Takið föstudaginn 1. apríl frá, en þá mun hljómsveitin Allt í einu, leika fyrir dansi í félagsheimilinu Þingborg. Athugið að ekki er um aprílþátt að ræða.

Nánar auglýst síðar.

Menningarnefnd Flóahrepps



**Fjör í Flóa**  
**verður helgina 13. - 14. maí 2022.**  
**Takið helgina frá.**

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is  
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@floaskoli.is

845-9719  
865-5692

### Kæru íbúar

Fyrir hönd Flóahrepps þakka ég fyrir góða mætingu á íbúafund í Þingborg 16. febrúar s.l. Þar fór hönnuður frá Eflu verkfræðistofu yfir vinnugögn og mikið kom fram af gagnlegum ábendingum sem tekið verður tillit til og unnið með áfram. Nemendur Flóaskóla hafa einnig fengið kynningu á sömu drögum. Ákveðið var að bæta við uppdrættina samkvæmt ábendingum áður en þeir verða birtir á heimasíðu. Þegar því er lokið verður gefinn athugasemdafrestur áður en gögnin fara í formlegt ferli.

Formaður vinnuhóps sem vann að skipulagsuppdrætti skólalóðar með hönnuði var Magnús Magnússon og með honum í hópnum voru Heimir Rafn Bjarkason, Gunnlaug Hartmannsdóttir, Axel Páll Einarsson og Berglind Björk Guðnadóttir. Þeim eru öllum færðar bestu þakkir fyrir sitt framlag.

**Fasteignagjöldin:** Álagningu fasteignagjalda er lokið og álagningarseðlar verða aðgengilegir á island.is. Fyrstu greiðsluseðlar hafa verið sendir í heimabanka fasteignaeigenda. Fyrsti gjaldagi er 1. mars og eindagi síðasti dagur mánaðarins.

**Heilsueflandi samfélag:** Vinnuhópur um heilsueflandi samfélag heldur áfram að móta stefnu og í undirbúningi er að bjóða upp á samveru h-eldri borgara. Félagsmálaráðuneytið hefur styrkt Flóahrepp með framlagi til eflingar á starfi með eldri borgurum. Fyrir framlagið hafa verið keypt bæði „boccia“ sett og „ringo“ sett sem ætluð eru til afnota fyrir hópinn. Í Þjórsárveri er líka að finna 2 sett fyrir pilukast og stefnt að því að fá leiðbeinanda til þess að kenna leikreglur og handtök í þeirri íþrótt. Einnig hefur verið rætt um stofnun á félagi h-eldri borgara í Flóahreppi og er það mál í vinnslu hjá hópnum. Markús Ívarsson fulltrúi h-eldri borgara í vinnuhópnum um heilsueflandi samfélag leiðir það verkefni ásamt Örvari formanni.

**Atvinnu- og umhverfisnefnd:** Í síðustu fundargerð nefndarinnar kemur fram að stefnt er að endurskoðun á samþykktum nefndarinnar



nú í lok kjörtímabils. Einnig hefur verið rætt um nauðsyn þess að móta atvinnustefnu fyrir sveitarfélagið en það mun líklega biða næstu nefndar sem tekur til starfa að loknum kosningum í vor.

**Hvatastyrkir:** Minnt er á að umsóknir um „hvatastyrki“ til íþrótt- og tómstundaiðkunar þurfa að berast á skrifstofu Flóahrepps fyrir 1. apríl 2022. Sjá reglur á heimasíðu Flóahrepps þar sem einnig er hægt að senda umsóknina inn rafrænt ásamt fylgigögnum:

Nánari upplýsingar á skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370 eða á netfanginu [anna@floahreppur.is](mailto:anna@floahreppur.is).

**Á eftir hverjum vetri kemur vor og síðan sumar.**

Sólin er að hækka á lofti, daginn að lengja og glíma við snjó, hálfu og vetur verður auðveldari. Það líður að lokum þessa kjörtímabils og kosningar til sveitarstjórna verða 14. maí. Starfstíma sveitarstjóra lýkur samkvæmt samningi 15. júlí næstkomandi. Tíminn flýgur áfram, og óðar komið vor, þó enn sé vetur núna. Eftir tæplega 8 ára tímabil hjá ykkur er í huga mínum samankomið mikið safn góðra minninga um lærdómsríkan tíma í fallettri sveit. Hér hef ég fengið að kynnast góðum hópi af öflugum starfsmönnum, stjórnar og nefndarmönnum, skemmtilegum íbúum og kraftmiklum félagasamtökum og fyrirtækjum. Bestu þakkir fyrir öll.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri.

### **Frá Ritstjórum Áveitunnar**

Útgáfa Áveitunnar mun taka breytingum á næstu misserum.

Áveitan verður gefin út á stafrænu formi og birt á heimasíðu Flóahrepps og á Facebook síðu Umf Þjótanda. Hætt verður að ljósrita blaðið og dreifa gjaldfrjálst á öll heimili í sveitarfélaginu.

Er þetta gert með umhverfissjónarmið að leiðarljósi og einnig hafa breytingar á pósthjónustu orðið til þess að blaðið berst oft á tíðum seint til sveitunga.

Þeir sem vilja frekar fá prentaða útgáfu senda heim til sín með póstinum geta gerst áskrifendur að blaðinu. Áskriftargjald er 3500 kr á ári.

Hægt er að panta áskrift með tölvupósti á netföngin [halla@floahreppur.is](mailto:halla@floahreppur.is) og [odnyasa@floaskoli.is](mailto:odnyasa@floaskoli.is).

Er það von okkar að þessar breytingar verði til bóta og stuðli að auknu upplýsingaflæði til lesenda.

Apríl tölublað Áveitunnar verður síðasta blaðið sem dreift verður með núverandi fyrirkomulagi.

## Menningarstyrkur Flóahrepps 2022:

Flóahreppur auglýsir eftir umsóknum um menningarstyrk Flóahrepps vegna ársins 2022 sbr. reglur um úthlutun styrkja til menningarmála í Flóahreppi:

Styrkupp hæð verður samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs. Styrkir verða veittir til verkefna sem talin eru skipta máli fyrir mannlíf og félagslíf og/ eða til þess fallin að stuðla að björgun menningarverðmæta í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi vinnureglur eru settar til viðmiðunar fyrir úthlutun styrkja:

Að um sé að ræða verkefni í Flóahreppi.

Að umsækjandi sé lögráða einstaklingur, félagsamtök, stofnun eða fyrirtæki sem er með lögheimili í Flóahreppi.

Að umsókn fylgi lýsing á verkefni með verkáætlun, tímaramma, fjárhagsáætlun og upplýsingar um umsækjendur.

Að umsækjandi ábyrgist að öll tilskilin leyfi séu til staðar fyrir framkvæmd verkefnis.

Að umsókn fylgi ósk um styrkupp hæð.

Ekki verða veittir ferðastyrkir eða styrkir til reksturs.

Umsóknum þarf að skila á skrifstofu Flóahrepps fyrir **15. apríl ár hvert** og úthlutanir verða í tengslum við Fjör í Flóa eða annan viðburð á vegum sveitarfélagsins á árinu. Sveitarstjórn Flóahrepps tekur ákvörðun um úthlutun styrks/styrkja samkvæmt fyrirlieggjandi umsóknum að fengnu álit menningarnefndar Flóahrepps. Sveitarstjórn getur leitað álits þar til bærra aðila við mat á umsóknum. Sveitarstjórn getur ákveðið að veita styrk til eins verkefnis eða fleiri.

*Umsóknir ásamt fylgigögnum, berist Flóahreppi, Þingborg, 803 Selfoss eða á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is), merkt „Menningarstyrkur 2022“.*



## Fréttir af skólastarfi

Föstudaginn 18. febrúar fengum við nemendur og starfsfólk Flóaskóla góða heimsókn en þá kom til okkar Anne Bruun Hansen arkitekt og kynnti fyrir okkur tillögur að deiliskipulagi skólalóðar.

Nemendum var skipt upp í smærri hópa og fengu gott tækifæri til að kynna sér og ræða tillögurnar við Anne. Það er öllum ljóst að mikil þörf er fyrir viðhald og meiri fjölbreytni á

leiksvæði barnanna auk þess sem huga þarf að auknu öryggi þeirra við leik og störf. Nemendur sýndu mikinn áhuga og gladdi marga að sjá tillögur að byggingu íþróttahúss þó ekki sé orðið ljóst hvenær það verður að veruleika. Mikil umræða var um leiktæki og annan búnað og komu margar góðar hugmyndir sem Anne skráði hjá sér og kemur til með að nýttast við áframhaldandi vinnu við deiliskipulagið.

Hugmyndir komu fram um stóran kastala sem hægt væri að klifra í, apa-rólu, stóra rennibraut, vegasalt, fleiri rólur, sleðabrekku, frísbíggjufvöll og svo mætti lengi telja.

Ljóst er að ekki verður farið í að framkvæma allar hugmyndir á einu bretti og því mikilvægt að forgangsraða verkefnum. Þetta árið munum við vinna að því að fjölga leiktækjum auk þess sem vonir standa til að körfuboltavöllur fari að líta dagsins ljós. Hér má sjá mynd að tillögum að deiliskipulagi skólalóðar, en einnig má sjá gögn á heimasíðu Flóahrepps frá íbúafundi 16. febrúar.

Bestu kveðjur frá nemendum og starfsmönnum Flóaskóla



## **Biskup Íslands vísiterar kirkjurnar í Flóahreppi laugardaginn 12. mars 2022.**

Biskup Íslands vísiterar, heimsækir, Suðurprófastdæmi og laugardaginn 12. mars verða helgistundir af því tilefni í kirkjunum okkar í Flóanum. Helgistundirnar eru öllum opnar en eftir þær mun biskup eiga samtál við sóknarnefndir og starfsfólk kirknanna. Tímasetningar helgistundanna verða sem hér segir;

Í Gaulverjabæjarkirkju kl. 11:00,  
í Villingaholtskirkju kl. 13:30,  
í Hraungerðiskirkju kl. 15:30,  
í Laugardælakirkju kl. 17:00.

Við hlökkum til að sjá ykkur,  
Sóknarprestur og sóknarnefndir kirknanna í Flóahreppi.

## **Fréttir af aðalfundi Umf Þjótanda**

Aðalfundur Umf. Þjótanda var haldinn í Félagslundu 17. febrúar. Guðmundur Bjarnason var fundarstjóri og Magnús St. Magnússon fundarritari. Bryndís Eva formaður fór yfir starfsemi ársins sem var fjölbreytt og Harpa gjaldkeri lagði fram endurskoðaða reikninga. Samþykkt var tillaga um árgjald félagsins, en það verður 2000 kr á heimili með 1-2 félagsmenn, og 3000 kr á heimili með 3 eða fleiri félagsmenn.

Þorabóltsdeild Umf. Þjótanda sem hefur haldið utan um þorabóltið í Þingborg undanfarin ár var lögð niður á árinu og sjóður deildarinnar færður yfir á aðalsjóð Þjótanda. Á fundinum var samþykkt tillaga um að nýta hluta af þessum fjármunum í kaup á húfum merktum félaginu. Næst voru verðlaunaafhendingar. Íþróttamaður ársins var kjörin Erlín Katla Hansdóttir. Erlín setti Íslandsmet í Hreystigreip í Skólahreysti 12. maí þegar hún hékk í 16:58 mínútur á stöng. Erlín er agaður, hvetjandi og jákvæður íþróttamaður og afar góð fyrirmynd innan félagsins. Alda Stefánsdóttir var kjörin „Félagi ársins“. Alda hefur um árabíl verið félaginu afar velviljuð og gefið okkur handunnar vörur úr íslenskri ull

sem nýttar hafa verið sem bingóvinningar. Nú í janúar kom hún með þá hugmynd að halda bingó á internetinu sem heppnaðist afar vel og skilaði félaginu yfir 100.000 krónum.

Niðurstöður kosninga voru þessar:

Formaður Fanney Ólafsdóttir

Gjaldkeri Harpa Magnúsdóttir

Ritari Magnús St. Magnússon

Varastjórn Örvar Rafn Hlíðdal og Guðmunda Bríet Steindórsdóttir

Formaður íþróttanefndar Bryndís Eva Óskarsdóttir

Formaður skemmtinefndar Freyja Kristín Guðjónsdóttir

Ritnefnd Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og Oddný Ása Ingjaldsdóttir

Einbúanefnd Einar Magnússon og Hólmar Höskuldsson

Skoðunarmenn reikninga Rannveig Árnadóttir og Hallfríður Ósk

Aðalsteinsdóttir.

Undir liðnum Önnur mál var rætt almennt um starfsemina framundan og kom fram í máli fundarmanna að nú væri rétti tíminn til að efla starfið og bæta við fleiri viðburðum þar sem Covid-19 faraldrinum virðist vera að ljúka.



Verðlaunahafarnir Alda Stefánsdóttir og Erlín Katla Hansdóttir

## Frá Villingaholtskirkju

Aðalsafnaðarfundur Villingaholtskirkju var haldinn sunnudaginn 20. febrúar s.l.. Í ársskýrslu sóknarnefndarformanns kom fram að einungis voru haldnar tvær almennar messur á árinu, en ekki var messað um hátíðir vegna covid 19 takmarkana, tvær hjónavígslur fóru fram sem og tvær skírnarathafnir. Þá var lokið við að mála þak og veggi kirkjunnar, einnig glugga að utan og innan, um verkið sá Toppmálun á Selfossi og gáfu þeir okkur málninguna í þetta verkefni, hafi þeir kæra þökk fyrir. Albert Sigurjónsson lagfærði útidyrhurð kirkjunnar, sá um múrviðgerð á sáluhlið, setti vatnskрана utan á aðstöðuhús og hreinsaði hluta af steinveggnum umhverfis kirkjugarðinn, gaf hann okkur alla vinnuna, það er ómetanlegur stuðningur og kærar þakkir. Kórnum er þakkað fyrir þeirra óeigingjarna framlag, ómetanlegt að hafa góðan kór í kirkjunni. Þórunn Kristjánsdóttir sér um að þrifa kirkjuna fyrir athafnir, hafi hún kæra þökk fyrir, sem og Jón Kristjánsson hringjari kirkjunnar. Enn hefur ekki fengist meðhjálpari til starfa við kirkjuna, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Fjármál kirkjunnar eru í góðum farvegi, vegna þeirra framkvæmda sem hafa staðið yfir hefur kirkjan fengið tvær milljónir í styrki frá Minjastofnun og Jöfnunarsjóði sókna. Rætt um að gólf kirkjunnar sé farið að láta verulega ásjá, sennilega þarf að skipta því út á næstu árum, samþykkt að leita ráða hjá Minjastofnun vegna þess. Kirkjugarðurinn er sleginn reglulega yfir sumarið, svo hann sé ávallt snyrtilegur og ungmenni í Vinnuskóla Flóahrepps skiluðu góðu verki á tveimur dögum.

Í sóknarnefnd eru Sólveig Þórðardóttir, formaður og gjaldkeri, Þórunn Kristjánsdóttir, ritari og Albert Sigurjónsson.

## Meðhjálpari óskast í Villingaholtskirkju

Kæru sveitungar, enn auglýsi ég eftir meðhjálpara. Meðhjálpari er til aðstoðar í kirkjulegum athöfnum, yfirleitt eru um 5 athafnir á hverju ári. Það er messað á páskum, hvítasunnu og jólum, sem og tvær almennar messur, ein fyrir áramót og ein eftir áramót. Samvinna við sóknarnefnd ef meðhjálpari getur ekki mætt, þá er hægt að aðstoða við afleysingu. Allar nánari upplýsingar má fá hjá Guðbjörgu Arnardóttur sóknarpresti, s: 865 4444, eða á netfangið ; [guðbjorg.arnardottir@kirkjan.is](mailto:guðbjorg.arnardottir@kirkjan.is), eða hjá Sólveig Þórðardóttir formanni sóknarnefndar í síma 869 6534, netfang; [skufslaekur2@gmail.com](mailto:skufslaekur2@gmail.com) .



## Úrslit

Helgi Reynisson keppti á Meistaramóti Íslands í fjölþrautum sem fram fór í Kaplakrika 19. febrúar. Hann keppti í Fimmtarþraut 15 ára og yngri og hafnaði í 5. sæti með 1321 stig. Árangurinn var þessi:

60 m grind 10,71 sek

Hástökk 1,33 m

Langstökk 4,37 m

Kúluvarp (4 kg) 6,13 m

800 m hlaup 2:51,55 mín

## Þjótandi Bikarmeistari félagssliða

Bikarglíma Íslands 16 ára og yngri fór fram á Hvolsvelli 19. febrúar.

Þjótandi átti alls 13 keppendur á mótinu sem stóðu sig allir vel og hömпуðu meðal annars alls sjö bikarmeistartitlum. Sannarlega frábær árangur sem skilaði félaginu heildarsigri í stigakeppni mótsins og þar með bikarmeistartitli félagssliða þetta árið.

Nánar er hægt að lesa um mótið á [www.glima.is](http://www.glima.is)

Hér má sjá árangur okkar fólks.

### Stúlkur 11 ára 4 kepp.

- |                                  |      |
|----------------------------------|------|
| 1. Bergþóra Dögg Þorbergsdóttir  | 3 v. |
| 2. Kristjana Ársól Stefánsdóttir | 2 v. |
| 4. Ronja Sif Magnúsdóttir        | 0 v. |

### Strákar 11 ára 4 kepp.

- |                                 |      |
|---------------------------------|------|
| 1. Egill Nielsen Jakobsson      | 3 v. |
| 2. Gísli Svavar Sigurðsson      | 2 v. |
| 3.-4. Axel Örn Aitken Sævarsson | 1 v. |

### Strákar 12 ára 2 kepp

- |                                |          |
|--------------------------------|----------|
| 1. Hrafnkell Hilmar Sigmarsson | 1 + 1 v. |
|--------------------------------|----------|

### Stúlkur 13 ára 2 kepp.

- |                              |      |
|------------------------------|------|
| 1. Margrét Lóa Stefánsdóttir | 2 v. |
|------------------------------|------|

### Strákar 13 ára 5 kepp.

- |                              |      |
|------------------------------|------|
| 1. Björgvin Guðni Sigurðsson | 4 v. |
|------------------------------|------|

### Strákar 14 ára 2 kepp.

- |                               |        |
|-------------------------------|--------|
| 1. David Örn Aitken Sævarsson | 1+1 v. |
|-------------------------------|--------|

### Strákar 15 ára 2 kepp.

- |                           |      |
|---------------------------|------|
| 1. Óskar Freyr Sigurðsson | 2 v. |
| 2. Arnór Leví Sigmarsson  | 0 v. |

### Stúlkur 16 ára 5 kepp.

- |                                  |      |
|----------------------------------|------|
| 2. Melkorka Álfðís Hjartardóttir | 3 v. |
|----------------------------------|------|

## Folaldasýning – 2. tilraun

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Flóahrepps, verður haldin sunnudaginn 13. mars 2022 í Sleipnishöllinni að Brávöllum Selfossi og hefst hún kl. 13:30.

Þátttökugjald er 2.500 kr. fyrir hvert folald og greiðist með reiðufé til gjaldkera. Skráningafrestur rennur út kl. 22:00 föstudaginn 11. mars.

Koma verður fram nafn á folaldi, litur, móðir, faðir, ræktandi og eigandi. Skráning er hjá Ágústi Inga agustk@visir.is sími 899-5494, Atla Geir atligeir@hive.is sími 898-2256 og á netfang félagsins [hrff.stjorn@gmail.com](mailto:hrff.stjorn@gmail.com).

Áhorfendur velja með kosningu glæsilegasta folaldið. Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin, merfolöld og hestfolöld. Þeir sem verða með folöld eru beðnir um að mæta eigi síðar en kl. 13:00.

## Aðalfundur

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Flóahrepps verður haldinn fimmtudaginn 24. mars 2022 í Þingborg. Fundurinn hefst kl. 20:30.

Kaffiveitingar verða í boði félagsins

Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf. Þá er ætlunin að gera lagabreytingar sem verða auglýstar nánar minnst 7 dögum fyrir fund á heimasíðu félagsins;

<https://hrossaraektarfelagfloa.wordpress.com/>

## Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Aðalfundurinn okkar verður haldinn í Þjórsárverri laugardaginn 19. mars kl 10:30. Dagskrá fundar:

1. Fundur settur, starfsmenn fundar kosnir
2. Fundargerð síðasta fundar lesin
3. Starfsskýrsla formanns
4. Reikningar lagðir fram
5. Félagatal
6. Hlé
7. Kosningar
8. Tillaga um árgjald
9. Önnur mál

Kaffikonur: Didda, Obba, Vala og Sólveig

Nýjar konur velkomnar á fundinn til kynningar og/eða inngöngu í félagið.

Stjórn Kvenfélags Villingaholtshrepps

## **Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps**

Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsárveri mánudaginn 28 mars kl. 20:00

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kaffveitingar í boði félagsins.

Stjórnin

## **Uppskeruhátíð**

Hrossaræktarfélag Flóahrepps ætlar að skella í uppskeruhátíð á Kriukránni laugardagskvöldið 19. mars næstkomandi. Á boðstólnum verður hlaðborð af söltuðu hrossakjöti og hrossabjúgum ásamt meðlæti. Þá verða einnig afhent verðlaun fyrir hrossaræktarárið 2021. Húsið opnar kl. 20:00. Verð á mann er 3500 kr.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netföngin [hrff.stjorn@gmail.com](mailto:hrff.stjorn@gmail.com) eða [atligeir@hive.is](mailto:atligeir@hive.is). Einnig má hringja í síma 899-5494 (Ágúst Ingi) og 898-2256 (Atli Geir). Tilkynna skal þátttöku í síðasta lagi 13. mars nk.

## **Skíðasvæði Þjótanda**

Umf. Þjótandi opnaði gönguskíðasvæði 3. febrúar á túninu á horni Villingaholtsvegur og Hurðarbaksafleggjara. Sporið er lagt með heimatilbúnum sleða sem dreginn er af fjórhjóli, nokkuð frumstæður búnaður en hefur virkað vel við réttar aðstæður.

Svæðið hefur verið töluvert notað þá daga sem veðrið hefur verið með okkur í liði. Áætlað er að halda áfram að leggja braut þegar aðstæður leyfa, og er það þá auglýst á FB síðunni okkar í hvert sinn.

## **Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps**

Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn 9. mars n.k. Kl 20:00 í Þingborg.

Venjuleg aðalfundarstörf, kosning formanns og innblástur frá Laufeyju Guðmundsdóttur fyrrverandi formanns Kvenfélags Grímsneshrepps og núverandi formanns FKA á Suðurlandi. Nýjar og áhugasamar konur hvattar til að mæta og kynna sér starfsemina.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Stjórnin

## Góu félagsvist UMF. Þjótanda.

UMF Þjótandi stendur fyrir félagsvist á Góunni. Spilað verður tvö kvöld, fimmtudaginn 10. mars og fimmtudaginn 24. mars.

Spilað verður í Félagslundi og hefst spilamennskan kl. 20.30.

Þátttökugjald verður 1000,- á mann. Ekki verður posi á staðnum en hægt að greiða með seðlum, klinki eða millifærslu.

Veitt verða verðlaun fyrir stigahæsta karl og konu hvort kvöld, svo og stigahæsta einstaklinginn samtals fyrir bæði kvöldin.

Njótum samverunar, og spilum saman!

UMF. Þjótandi



## Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing yngri í Félagslundi	1. mars
Æfingar í Þingborg	1. mars
Glímuæfing eldri í Félagslundi	7. mars
Glímuæfing yngri í Félagslundi	8. mars
Æfingar í Þingborg	8. mars
Aðalfundur Kvenf. Hraungerðishrepps	9. mars
Góu Félagsvist Umf Þjótanda	10. mars
Vísítasia biskups í kirkjur Flóahrepps	12. mars
Folaldasýning Hrossaræktarfélags Flóahr.	13. mars
Glímuæfing eldri í Félagslundi	14. mars
Glímuæfing yngri í Félagslundi	15. mars
Æfingar í Þingborg	15. mars
Aðalfundur Kvenf. Villingaholtshrepps	19. mars
Uppskeruhátíð Hrossaræktarfélags Flóahr.	19. mars
Glímuæfing eldri í Félagslundi	21. mars
Glímuæfing yngri í Félagslundi	22. mars
Æfingar í Þingborg	22. mars
Góu Félagsvist Umf Þjótanda	24. mars
Aðalfundur Hrossaræktarfélags Flóahr.	24. mars
Aðalfundur Búnarðarfélags Villingaholtshr.	28. mars
Glímuæfing eldri í Félagslundi	28. mars
Glímuæfing yngri í Félagslundi	29. mars
Æfingar í Þingborg	29. mars
Sveitaball í Þingborg	1. apríl
Hvatastyrkur Flóahrepps	1. apríl
Menningarstyrkur Flóahrepps	15. apríl